

Rannsóknir á Laxá í Dölum og Fáskrúði 1992

Inngangur

Fyrsta rannsóknarferðin var farin 6-8 júní. Tilgangurinn var að koma áður en seiðin gengju til sjávar. Mikið vatn var á þessum tíma og svæði sem að öllu jöfnu eru á þurru voru undir vatni. Nokkuð kom á óvart að á þessum svæðum fannst mikið af seiðum, en minna í hinum hefðbundna árfarvegi. Þetta átti við bæði í Laxá og Fáskrúði. Vera kann að seiðin hafi verið að nærast á dýrum sem losnuðu úr jarðveginum við flóðin. Magn seiða virtist fremur lítið, en það kann að stafa af því hve mikið vatn var í ánum og hegðun seiðanna afbrigðileg. Ekki var fært á heiðarnar vegna aurbleytu.

Síðari ferðin var farin 26-29 júní. Þá var vel fært um allt, utan að ekki var hægt að komast alveg að Miðvatni. Þessi ferð var m.a. notuð til að skoða efri hluta vatnakerfanna. Í september var farið í það sérstaka verkefni að kortleggja uppeldissvæðin í Laxá, og þá var tækifærið notað til þess að merkja villt seiði með örmerkjum og sleppa þeim síðan í Laxárvatn. Sleppt var rúmlega 200 seiðum, 7-10 sm að lengd. Meiningin með sleppingu þessarar seiða er m.a. að sjá hvort þau komi fram í veiði í Laxá og hvort unnt sé að nota þessa aðferð til að fá vitneskju um hvort þau veiðist annars staðar. Merkingar á gönguseiðum úr eldisstöðvum hafa engri niðurstöðu skilað um það mikilvæga atriði hvort, og þá í hve miklum mæli, náttúrulegur lax sé veiddur í hafbeitarstöðvum. Tími er kominn til að veiðifélögin, í samvinnu við stjórnvöld, skipuleggi alvöruverkefni til þess að fá hlutlausar upplýsingar um þau mál.

Aðferðir

Á svipaðan hátt og áður var veitt með rafmagni á völdum stöðum. Venjulega var farin ein yfirferð á svæði sem var 50-100 fermetrar, stærð svæðisins réðist nokkuð af afla, en tilgangur veiðanna var sem fyrr að fá upplýsingar um vöxt hinn ýmsu aldursflokka seiða svo og afkomu og vöxt sleppiseiða á ófiskgengum svæðum. Safnað var hreistri af fullorðnum laxi í Laxá og til aldursgreiningar.

Niðurstöður

Allar niðurstöður úr seiðaveiðum eru sýndar í viðauka. Einnig eru valdar niðurstöður sýndar í töflum og myndum í texta. Niðurstöður aldursgreininga á fullorðnum laxi eru sýndar í töflum í texta.

Vatnasvæði Laxár

Vöxtur laxaseiða á fiskgengum hluta Laxár árin 1988-1992 er sýndur í töflu 1, og myndum 1 og 2. Ekki hafa fundist eldri seiði en þriggja ára á stöðinni neðst í Laxá, við brúna á þjóðveginum. Það segir að gönguseiðaaldurinn á þessum stað er ekki meiri en fjögur ár, en ekki er vitað hve mikill hluti seiðanna yfirgefur ána þriggja ára. Við Sólheimafoss finnast fjögurra ára seiði á hverju vori, seiði sem ekki ætla að ganga út það árið, þannig að þar eru gönguseiðin fimm ára en nokkur hluti þeirra hlýtur einnig að ganga til sjávar fjögurra ára.

Til þess að sýnataka hafi sem minnst áhrif á vöxt seiðanna hefur henni verið þannig háttað að aldrei er veitt á nákvæmlega sama stað tvö ár í röð. Veitt er til skiptis beggja vegna árinna, einnig flytjum við stöðina upp eða niður með ánni milli ára þannig að segja má að aldrei hafi verið veitt

tvisvar á sama svæði. Breytingar á meðallengdum árganganna á þessum tveimur stöðvum eru svo litlar að þær geta varla talist marktækar. Kemur það nokkuð á óvart. Skilyrði hafa verið mjög breytileg á þessu tímabili, að vísu hafa ekki komið nein sérstaklega köld ár, aftur á móti hafa komið óvenjulega heit og vatnslítil ár, sérstaklega 1991 þegar rennsli varð nánast ekkert og hitinn fór yfir 20 gráður. Fjöldi tveggja og þriggja ára seiða við brú er nánast óbreyttur frá ári til árs, en nokkuð minna virðist um eins árs seiði seinni hluta tímabilsins. Þess ber þó að gæta að eins árs seiði veiðast mjög illa og breytilegur fjöldi verður að skrifast á mismunandi veiðiskilyrði.

Tafla 1. Lengd laxaseiða á fiskgengum hluta Laxár 1988-1992.

Við brú á Þjóðvegi


Aldur í vetrum	Sýnatökuár og dagsetning					Fjöldi fiska				
	1988 12/6	1989 7/7	1990 16/6	1991 12/6	1992 8/6	88	89	90	91	92
1+	4.3	4.3	4.1	5.0	4.2	7	19	9	2	4
2+	6.0	6.8	6.1	6.4	6.8	16	21	17	17	23
3+	8.1	8.9	8.1	8.3	8.1	2	5	4	5	3

Fyrir neðan Sólheimafoss:


Aldur í vetrum	Sýnatökuár og dagsetning					Fjöldi fiska				
	1988 12/6	1989 7/7	1990 16/6	1991 12/6	1992 8/6	88	89	90	91	92
1+	4.5	4.3	(4.1)	4.8	4.8	1	5	0	7	1
2+	5.9	6.1	5.7	6.4	6.9	21	10	6	2	14
3+	8.8	8.3	7.8	7.5	9.3	23	23	9	5	4
4+	9.8	11.4	10.4	9.6	10.2	7	4	5	8	1

(Engin árgömul seiði fundust vorið 1990 og er því gildið fyrir það ár sett í sviga.)

Það er lengdin sem fékkst á neðstu stöðinni það árið.)



Mynd 1. Lengd laxaseiða við brú á Laxá árin 1988-1992.



Mynd 2. Lengd laxaseiða fyrir neðan Sólheimafoss árin 1988-1992.

Á stöðinni fyrir neðan Sólheimafoss má sjá heldur meiri breytingar. Greinilegt er að eftir 1990 er minna af seiðum á þessu svæði. Vöxtur yngri seiðanna er betri eftir 1990, nokkuð sem getur verið vegna minni þéttleika. Einungis veiddist eitt fjögura ára seiði sem er ekki marktækt. Getur þetta stafað af því að seiðin séu farin að yfirgefa svæðið yngri en áður hefur verið.

Aldursgreining á hreistri úr Laxá

Alls reyndist unnt að aldursgreina 144 hreistur af þeim sem safnað var. Niðurstöður eru sýndar í töflu 3. Til samanburðar er endurbirt taflan um aldursgreiningu frá 1991 (tafla 2).

Tafla 2. Niðurstöður greininga á hreistri úr Laxá í Dölum 1991.

Ár í	Fjöldi	%		Fjöldi	%
Ferskv.					
2	1	0.5	Hængar 1 ár í sjó	64	51.6
3	32	16.6	Hrygnur 1 "	31	25.0
4	104	54.2	Hængar 2 "	8	6.5
5	41	21.4	Hrygnur 2 "	21	16.9
6	4	2.1			
Hafbeit 10	5.2		Samtals :	124	100
Samt. 124	100				

Tafla 3. Niðurstöður greininga á hreistri úr Laxá í Dölum 1992.

Ár í					
Ferskv.	Fjöldi	%		Fjöldi	%
2	4	2.8	Hængar 1 ár í sjó	54	37.5
3	45	31.2	Hrygnur 1 "	39	27.1
4	75	52.1	Hængar 2 "	11	7.6
5	15	10.4	Hrygnur 2 "	31	21.5
6	1	0.7	Ókyngreint:	9	6.3
Eldisf.	4	2.8	Samtals :	144	100
Samtals: 144	100				

Samanburður á töflunum sýnir að hluti þeirra fiska sem eru þrjá vetur í ferskvatni hefur vaxið verulega. Einnig hefur fækkað fiski sem dvaldi lengi í ánni, Ef þetta er marktækt má túlka það svo að vöxtur seiðanna hafi almennt batnað, og framleiðsla sé að aukast af þeim völdum. Erfitt að staðfesta þetta með þeim seiðarannsóknnum sem gerðar hafa verið, en benda má á að seiðamagn virðist heldur minna í ánni 1990 og síðar heldur en það var fyrir þann tíma.

Reynt var að sjá í hreistrinu hvort um væri að ræða sleppiseiði. Þetta er mjög erfitt og matsatriði hverju sinni en öll seiði (4) sem höfðu verið tvo vetur í ferskvatni voru greind sem sleppiseiði. Af þriggja vetra seiðunum voru 30 greind sem sleppiseiði. Þessi 34 seiði gera um 23% af heildargöngunni. Sé þetta nálægt lagi þá er árangur ræktunarstarfsins sá að fjórði hver fiskur sem veiddist 1992 var upprunninn úr sleppingum. Verður að segja að það sé vel viðunandi. En þar með er ekki sagt að þessir fiskar séu hrein viðbót við veiðina í Laxá því aflinn er ekki í beinu hlutfalli við stærð göngunnar. Það er jafnan svo að þegar göngur eru litlar, veiðist hlutfallslega mest úr þeim, aflahlutfallið lækkar svo því stærri sem gangan verður. Gera verður ráð fyrir því að minni sveiflur séu í vexti seiða á ólaxgengu svæðunum vegna þess hve þéttleiki seiðanna er lítill og þau því betur búin undir misjafnt árferði. Því ættu þessar aðgerðir að geta jafnað veiðina, ef framleiðsla á laxgenga hlutanum minnkar af einhverjum orsökum.

Ófiskgengur hluti Laxár

Laxárvatn

Í net sem lágu við ósinn úr vatninu veiddust 6 laxaseiði 13.8-16.5 sm löng, 25-45 g að þyngd. Seiðin voru silfrúð, tilbúin til sjávargöngu og þau voru öll tveggja vetra gömul. Athyglisvert er að ekki veiddust nein eldri seiði, nokkuð sem bendir til þess að þau gangi út tveggja vetra gömul. Þar sem vöxturinn er svona góður er athugandi að sleppa fleiri seiðum í vatnið.

Skeggjagil

Fyrstu ár þessa verkefnis var einungis sleppt á neðsta hluta Skeggjagils. Fljótlega kom í ljós að vöxtur seiða í ánni var mjög góður og í framhaldi af því var svæðið fyrir ofan Hvítfoss skoðað. Við skoðun kom í ljós að þar voru mjög góð uppeldisskilyrði og var seiðum sleppt á þetta svæði 1990. Rannsókn 1992 leiddi í ljós að vöxtur seiðanna var mjög góður, sá besti sem fundist hefur á ófiskgenga svæðinu. Eins vetra seiði voru 7.2 sm, 4 g að þyngd og tveggja vetra seiði voru 12.2 sm, 20 g, tilbúin til þess að ganga til sjávar.

Neðan Hvítfoss er vöxtur einnig góður, Veturgömul seiði voru 6.3 sm og 2.5 g, tveggja vetra seiði um 9 sm og 7 g og eina stóra seiðið sem drepist var, þriggja vetra 12.6 sm, 20 g tilbúið til útgöngu. Talsvert fannst af seiðum og er Skeggjagil besta áin á ófiskgenga hlutanum.

Sámsstaðaa

Talsvert fannst af seiðum í ánni, meira en í fyrri athugunum. Nú fannst talsvert af tveggja vetra seiðum, en í fyrra fannst lítið af þessum árgangi þegar hann var eins árs gamall. Sýnir þetta hve skilyrðin geta verið breytileg og eins það að lítil seiði veiðast mjög illa. Veturgömul seiði voru 6.2 sm, 2.5 g að þyngd og tveggja vetra seiði voru 9 sm og 7 g. Þetta er svipaður vöxtur og í neðri hluta Skeggjagils. Eldri seiði fundust ekki en þau hafa sennilega verið gengin til sjávar.

Vatnasvæði Fáskrúðar

Vöxtur og fjöldi veiddra laxaseiða á fiskgengum hluta Fáskrúðar árin 1988-1992 er sýndur í töflu 4.

Tafla 4. Lengd laxaseiða á fiskgengum hluta Fáskrúðar 1988-1991.

Aldur í vetrum	Sýnatökuár og dagssetning					Fjöldi fiska				
	1988	1989	1990	1991	1992	88	89	90	91	92
	12/6		11/7	12/6	8/6					
1+	3.7		3.8	4.0	4.2	4	4	2	10	
2+	6.0		5.4	5.5	6.6	16	16	1	5	
3+	8.1		7.5	6.8		12	12	7	0	
4+				8.4	8.3				5	3
5+					10.9					1
6+					11.2					1

Mikið er af litlum seiðum, vöxtur þeirra er betri en verið hefur, stærri seiðin eru gömul og hafa vaxið hægt. Svo virtist í fyrra að Fáskrúð væri að „hreinsa“ sig af hægvoxta seiðum, en nú sýnist smáseiðamagn vera að aukast aftur. Erfitt er út frá þessum gögnum að fullyrða nokkuð um þetta en víst er að ekki skortir seiði í ána.

Aldursgreining á hreistri úr Fáskrúð

Alls reyndist unnt að aldursgreina 118 hreistur af þeim sem safnað var. Niðurstöður eru sýndar í töflu 6. Til samanburðar er endurbirt taflan um aldursgreiningu frá 1991 (tafla 5).

Tafla 5. Niðurstöður greininga á hreistri úr Fáskrúð 1991.

Ár í	Fjöldi	%		Fjöldi	%
<i>Ferskv.</i>					
2	3	2.5	<i>Hængar 1 ár í sjó</i>	46	43.0
3	9	7.6	<i>Hrygnur 1 "</i>	37	34.6
4	32	27.1	<i>Hængar 2 "</i>	1	0.9
5	54	45.8	<i>Hrygnur 2 "</i>	23	21.5
6	14	11.9			
7	2	1.7	<i>Samtals :</i>	107	100
<i>Hafbeit 3</i>		2.5			
<i>Ólæsileg 1</i>		0.8	<i>Ókyng. 2 ár í sjó</i>	9	
<i>Samt: 118</i>	<i>100</i>		<i>" 1 "</i>	1	

Fullyrða má að 2 og 3 ára seiði séu ekki úr náttúrulegri framleiðslu Fáskrúðs, heldur séu þau úr sleppingum. Þessir laxar eru um 10% aflans árið 1991. Þriggja ára seiðin eru úr sleppingum 1987 en árið 1988 varð vart við sleppiseiði á ófiskgenga svæðinu, bæði í Þverá og í Fáskrúð ofan Katla. Mestur hluti laxanna er 5 ár í ánni áður en hann gengur til sjávar. Einungis 3 fiskar virtust geta verið úr sleppingum á gönguseiðum utan vatnakerfisins. Niðurstöður eru svo ótvíræðar og skilin svo skörp á milli náttúru- og sleppiseiða að auðvelt á að vera að mæla árangurinn af ræktunarstarfinu í framtíðinni ef vöxtur seiðanna á fiskgenga hlutanum breytist ekki verulega.

Tafla 6. Niðurstöður greininga á hreistri úr Fáskrúð 1992.

Ár í	Fjöldi	%		Fjöldi	%
<i>Ferskv.</i>					
2	8	6.1	<i>Hængar 1 ár í sjó</i>	56	47.1
3	43	32.8	<i>Hrygnur 1 "</i>	44	37.0
4	36	27.5	<i>Hængar 2 "</i>	3	2.5
5	32	24.4	<i>Hrygnur 2 "</i>	16	13.4
6	1	0.8			
7	0	0	<i>Samtals :</i>	119	100
<i>Hafbeit 11</i>		8.4			
<i>Samt: 118</i>	<i>100</i>				

Aflinn í Fáskrúð jóks úr 181 laxi 1991 í 330 laxa 1992 eða um 80%. Miðað við hreisturssýnin frá 1992, er um 40% af göngunni (eldisfiski sleppt) í ána upprunninn úr sleppingum á ófiskgenga hluta vatnakerfisins. Árið 1992 var það fyrsta sem vænst var að seiðin myndu skila sér og það staðfestist nú að þau gera það í talsverðu magni.

Hvað seiðin sem framleidd eru á fiskgenga hlutanum varðar, má sjá að minna er af mjög gömlum seiðum (6 ára og eldri) 1992 en árið áður.

Ófiskgengur hluti Fáskrúðar

Miðvatn

Fært var upp í vatnið í endaðan júní. Tvö laxaseiði veiddust í net, annað var þriggja ára, 14 sm langt, hitt var fjögurra ára gamalt, 16 sm, bæði voru komin í sjógöngubúning. Þessi aldur getur bent til þess að seiðin séu seint á ferðinni, hafi ekki gengið út í fyrra. Vatnsfar var þá mjög óvenjulegt og má vera að seiðin hafi ekki gengið til sjávar þá vegna vatnsskorts, en Þverá nánast þornaði þá upp. Ljóst er að Miðvatn fóstrar seiði og þau vaxa nokkuð vel.

Þverá

Erfitt var að veiða í Þverá vegna þess hve mikið vatn var í henni. Eins árs seiðin voru 6.5 sm sem er ekki mikið enda var seiðunum sleppt mjög seint á sl. ári vegna mikilla þurrka. Tveggja ára seiði voru um 10 sm, engin eldri seiði fundust, Vonandi hafa þau gengið út í fyrra en ekki drepist í þurrkunum.

Fáskrúð ofan Katla

Seiði voru fyrst sett á þetta svæði 1988, þau elstu eru því fjögurra vetra 1992. Engum seiðum var sleppt 1989. Nokkuð fannst af veturgömlum seiðum og var meðallengd þeirra 6 sm. Eitt tveggja ára seiði fannst, 10.6 sm langt. Fjögurra vetra seiði voru 13-14 sm, sum tilbúin til að ganga til sjávar. Miðað við hve þessi árgangur var stórvaxinn í fyrra er ljóst að fjögurra ára seiðin eru þau síðustu úr hópnum sem eru að yfirgefa ána. Ekki er að marka magnið sem veiddist því skilyrði til veiða voru erfið. Sl. haust var sleppt hrygningarfiski á þetta svæði og ef það reynist árangursríkt ættu að sparast umtalsverðir fjármunir.

Þegar fullorðnum fiski er sleppt á ófiskgeng svæði er kemur upp sú spurning hvort hrygningin dreifist nægjanlega vel um svæðið. Ekki má sleppa miklu magni til þess að ofsetja ekki ána og þá er hætta á að dreifing hrygningarinnar verði ekki nógu mikil. Þetta kemur í ljós síðar þegar seiðin fara að veiðast og hægt verður (væntanlega) að staðfesta árangurinn.

Lokaorð

Verkefnið um uppbyggingu ófiskgengra svæða í Laxá og Fáskrúði hefur nú staðið í fimm ár. Árið 1992 var það ár sem átti að gefa svör um gagnsemi þess. Niðurstaðan er sú að í Laxá er fjórði hver fiskur sem veiðist alinn upp á ófiskgenga hlutanum. Ekki er þar með sagt að það sé viðbót við aflann og verður seint hægt að komast að því. Í Fáskrúði er tveir af hverjum fimm fiskum í afla afrakstur verkefnisins. Þar verður þegar fram líða stundir, betra að sjá hvort þetta gefur viðbót við veiðina, því þar er náttúruleg framleiðsla langtum minni en í Laxá svo þar verður auðveldara að sjá hvort aukning í veiði verði viðvarandi.

Þegar gögn um vöxt á fiskgengum hlutum ána eru skoðuð er varla unnt að merkja nokkra breytingu. Vöxturinn er alltaf lélegur og er það vegna þess að alltaf er of mikið af seiðum í ánum. Liður í ræktunarstarfinu ætti því að vera að hreinsa eins mikið af laxi upp úr ánum á haustin og unnt er. Okkur er þó til efs að það muni gera tilætlað gagn, vegna þess hreinlega að ekki er hægt að veiða nóg, en það eykur alla vega nýtingu laxastofnsins.

Slepping hrygningarfisks er hafin ofan fossa í Fáskrúði. Ef vel tekst til ætti það að minnka tilkostnað. Gera má tilraunir með að sleppa hrygningarlaxi í Laxá ofan við Sólheimafoss og í Skeggjagil í sama tilgangi. Okkar tillaga er að þangað megi flytja 6-10 hrygnur og allt að 30 henga að loknum veiðitíma. Seiðaveiðar munu svo leiða í ljós hvort magn og dreifing hafi verið rétt.

Sleppt var merktum seiðum í Laxárvatn sl. sumar. Okkur þykir rétt að endurtaka þetta og auka fjölda merktra seiða. Tiltölulega auðvelt er að gera þetta, og það má sleppa þessum merktu seiðum á fleiri stöðum. En til þess að fá niðurstöður, þarf að viðhafa skipulegri gagnasöfnun í báðum

ánum. Þá er átt við að allir fiskar verði skoðaðir og hreistri safnað á skipulagðari hátt en gert hefur verið hingað til. Við trúum því að ef áfram verður haldið að safna gögnum úr þessum ám, fáist vitneskja sem kemur þeim til góða og jafni veiði, nokkuð sem gerir sölu veiðileifa auðveldari og jafni arðsemi.

Á þessum tímapunkti verða veiðiréttareigendur að ákvarða hvort þeir fjármunir sem varið hefur verið í rannsóknir hafi skilað sér og hvort það sé rétt að halda áfram verkefninu eða láta hér við sitja.

VIÐAUKI

Gagnasafn, Vatnasvæði Laxár í Dölum og Fáskrúðs 1992

A) Vatnasvæði Laxár

Laxá neðan við Sólheimafoss, 8/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
21	4,8				1							
7	7,2		13,5		2	7,5	13,0					0,53
8	7,4		13,5		2	8,0	13,0					
9	7,5											
10	7,5											
11	7,4											
12	7,5											
13	6,7											
14	6,6											
15	6,7											
16	6,8											
17	6,2		11,5		2	6,0	11,0					0,54
18	6,4		11,5		2	6,0	11,0					0,56
19	6,6											
20	6,7											
MT:	6,9											
3	9,8		17,0		3	5,0	11,0	16,0				0,58
4	9,6											
5	8,8		12,5		3	6,0	9,0	12,0				0,70
6	8,9		16,5		3	6,0	11,0	16,0				0,54
MT:	9,3		15,3		3	5,7	10,3	14,7				0,61
2	10,2		17,0		4	6,0	9,5	13,0	17,0			0,60
1	13,2		21,0	S11	2	13,0	20,0					0,63

Laxá neðan við Sólheimafoss 13/9 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
5	6,5				1							
3	8,6		16,0		2	7,0	12,0					0,54
4	8,1		17,0		2	7,0	13,0					0,48
	8,6											
	8,5											
MT:	8,4											
1	10,5	1,1			3							
2	9,5	1,5	19,0		3	6,0	12,0	17,0				0,50
	9,8											
	9,3											
	9,0											

MT: 9,6

Skýringar: Sjá síðustu síðu.

Laxá við brú, 8/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
27	4,8				1							
28	4,1											
29	4,1											
30	4,0											

MT: 4,2

4	7,5		14,0		2	8,0	14,0					0,54
5	7,1											
6	7,1											
7	7,3											
8	6,8		12,5		2	7,0	12,0					0,54
9	7,2		14,5		2	8,0	14,0					0,50
10	7,0											
11	6,8											
12	6,9											
13	7,0											
14	6,7											
15	6,8											
16	6,7											
17	7,2											
18	6,8				2							
19	6,5		13,5		2	8,5	13,5					0,48
20	6,5											
21	6,6											
22	6,5											
23	6,5											
24	6,3				2							
25	5,9				2							
26	5,8		11,0		2	7,0	10,5					0,53

MT: 6,8 13,1 7,7 12,8 0,52

1	8,5		17,0		3	6,0	11,0	17,0				0,50
2	8,2		16,5		3	7,0	11,0	16,0				0,50
3	7,6		15,5		3	6,0	11,5	15,0				0,49

MT: 8,1 16,3 6,3 11,2 16,0 0,50

Laxá við brú, 13/9 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
MT:	3,4				0+							

7	6,7		12,0		1	9,0						0,56
9	6,3		12,0		1	9,0						0,53
	6,2											
	6,5											
	6,1											
	6,7											

MT: 6,4

4	9,0				2							
5	7,8		17,0		2	8,0	14,0					0,46
8	7,0		14,0		2	6,0	10,0					0,50
6	7,5		14,0		2	6,0	11,0					0,54
	7,7											

7,4
7,5
7,6
6,9
8,5

MT: 7,7

1	10,0	19,0	3	6,0	11,0	15,0	0,53
2	10,4	0,1	3				
3	8,7	18,0	3	6,0	10,0	15,0	0,48
	10,0						
	10,1						
	9,5						

MT: 9,8

Laxá, Lambastaðakvörn, 8/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
12	4,6				1							
2	10,3		20,0		2	12,0	19,0					0,52
4	7,8		15,0		2	8,0	15,0					0,52
5	7,6											
6	7,5											
7	7,2											
8	7,1											
9	6,5											
10	6,5		13,0		2	7,0	10,0	12,5	ath			0,50
11	6,0											
3	10,1		19,0		3	5,0	11,0	18,0				0,53

Laxárvatn 8/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	16,5		22,0	S01	2	11,0	20,0					0,75
2	16,2		23,0	S01	2	13,0	21,0					0,70
3	15,5		21,0	S11	2	11,0	19,0					0,74
4	14,2		21,0	S01	2	12,0	20,0					0,68
5	13,8		19,0	S01	2	12,0	18,0					0,73
6	13,9		21,0	S11	2	11,0	19,0					0,66
MT:	15,0		21,2			11,7	19,5					0,71

Laxá Þegjandi 26/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	5,3				1							
2	5,8											
3	5,5											
4	5,3											
5	5,5											
6	5,7											
7	5,3											
8	5,5											
9	5,6											
10	5,3											
11	4,9											
12	5,3											

MT: 5,4

13	7,2	14,5	2	8,5	13,5	0,50
14	6,8	12,5	2	6,5	11,5	0,54
15	7,5		2			
16	8,2					
17	7,9					
18	7,5					
19	6,9					
20	6,9					
21	6,3					
22	6,5					
23	6,7					
24	6,4					
25	6,4					
26	6,5					

MT: 7,0

27	9,0	18,0	3	6,0	11,0	17,0	0,50
28	10,0		4				

Sámsstaðaa 27/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
6	6,5				1							
7	6,6											
8	5,4											

MT: 6,2

1	10,1	18,0	2	10,0	17,0	0,56
2	9,2					
3	8,9	18,0	2	11,0	17,0	0,49
4	8,4					
5	8,4					

MT: 9,0

Skeggjagil ofan við Hvítfoss 27/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	12,2		20,0	S11	2	12,0	19,0					0,61
2	12,2			S	2							

3	7,4				1							
4	7,2				1							
5	7,0				1							

MT: 7,2

Skeggjagil ofan brúar á Þjóðvegi 27/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	12,6		21,0	S01	3	9,0	14,5	20,0				0,60
2	9,5				2							
3	8,9		17,5		2	10,0	17,0					0,51
4	8,3				2							

MT: 8,9

5	6,7	1
6	6,1	1
7	6,1	1

MT: 6,3

Hólkotsá 27/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
10	7,4											
11	7,4		14,0		2	7,0	13,0					0,53
12	7,3											
13	6,7											
14	6,5											
15	6,6											

MT: 7,0

4	9,4		17,0		3	5,5	11,0	16,0				0,55
5	8,9											
6	9,0											
7	8,8											
8	8,1											
9	8,4											
2	9,8											
3	9,3											

MT: 9,0

1	10,9		20,0		4	6,5	10,5	14,5	19,0			0,55
---	------	--	------	--	---	-----	------	------	------	--	--	------

Hólkotsá 13/9 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	9,8		15,0		2	7,0	12,0					0,65
2	9,5		17,0		2	7,0	12,0					0,56
	9,5											
	9,6											
	9,6											
	9,8											
	9,3											

MT: 9,6

3	12,6		23,0	1,1	3	10,0	14,0	19,0				0,55
---	------	--	------	-----	---	------	------	------	--	--	--	------

Leiðólfssstaðakvörn 13/9 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	6,1		12,0		1	6,0						0,51
2	6,7		12,0		1	8,0						0,56
3	8,8		15,0		2	7,0	12,0					0,59
4	8,0		15,0		2	7,0	12,0					0,53
5	9,2				2							

Björnskvörn 13/9 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	6,5		12,0		1	8,0						0,54
2	7,8		15,0		2	7,0	12,0					0,52

3	11,3	19,0	1,1	3	6,0	10,0	16,0	0,59
4	10,6	17,0	1,1	3	6,0	10,0	14,0	0,62
5	10,5		1,1	3				

B) Vatnasvæði Fáskrúðar

Fáskrúð við brú, 8/6 1992

No	Fl	Þyn	KvI	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/KvI
14	4,5		9,0		1	9,0						0,50
15	4,5		8,0		1	8,0						0,56
16	4,4											
17	4,5											
18	4,4											
19	4,1											
20	4,2											
21	3,9											
22	3,9											
23	3,5											

MT: 4,2

10	6,9		14,5		2	7,5	14,0					0,48
11	7,0		13,0		2	6,0	13,0					0,54
12	6,7											
13	6,2											
14	6,3											

MT: 6,6

3	9,4		18,0		4	6,5	9,5	14,0	18,0			0,52
4	7,7		15,5		4	6,0	9,0	12,0	15,0			0,50
5	7,7		16,0		4	5,5	8,0	12,0	15,5			0,48

MT: 8,3

2	10,9		21,5		5	7,0	11,0	14,0	17,5	21,0		0,51
---	------	--	------	--	---	-----	------	------	------	------	--	------

1	11,2		22,5		6	7,0	10,5	14,5	17,0	20,0	22,0	0,50
---	------	--	------	--	---	-----	------	------	------	------	------	------

Þverá 8/6 1992

No	Fl	Þyn	KvI	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/KvI
1	10,2		18,0	0,1	2	11,0	17,0					0,57
2	9,9		17,0		2	10,0	16,0					0,58
3	9,2											

MT: 9,8

4	7,8		12,5		1	12,0						0,62
5	7,0		13,0		1	12,5						0,54
6	6,1		12,0		1	11,0						0,51
7	6,2				1							
8	5,5				1							

MT: 6,5

Miðvatn 29/6 1992

No	Fl	Þyn	KvI	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/KvI
----	----	-----	-----	-----	-------	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-------

1	14,0	20,0	S	3	10,0	15,0	19,0					0,70
2	16,1	26,0	S11	4	10,0	14,0	19,0	25,0				0,62

Fáskrúð neðan við Lambeyrar 26/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
4	7,1		11,5		1	11,0						0,62
5	6,3											
6	6,6											
7	5,9											
8	5,8											
9	5,7											
10	4,7											

MT: 6,0

3	12,6											
1	14,0		22,5		4	9,0	13,0	18,0	22,0			0,62
2	14,0		21,0		4	9,0	12,0	15,0	20,0			0,67

Fáskrúð ofan Katla 26/6 1992

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
2	10,6				2							
1	13,0			S	4							

Skýringar:

MT: Meðaltal.

No: Númer sýnis.

Fl: Fisklengd, mæld í sporðsýlingu.

Þyn: Þyngd í g.

Kvl: Kvarnarlengd, ótiltekinn mælikvarði.

Lk1.2.3...6: Lengd kvarnar við 1., 2., 3., ...6. vetur.

L/kvl: Fisklengd/ kvarnarlengd.

S: Gönguseiði.

0: Hrygna.

1: Hængur.